

Mýrdalshreppur
Skipulagsfulltrúi
Austurvegi 17
870 Vík, Mýrdal

Reykjavík 27. ágúst 2018
UST201806-243/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2012 – 2028 - breytingar

Við er til erindis skipulagsstjóra Mýrdalshrepps er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012 – 2028. Í greinargerð kemur fram að breytingin felst í því að á bænum Hvambóli er landnotkun á 3ja ha svæði breytt úr landbúnaðarsvæði í svæði fyrir þjónustu og verslun. Einnig kemur fram að breyting verður á landnotkun á jörðinni Þórisholti en þar er gert ráð fyrir svæði fyrir gisti- og ferðaþjónustu á 3ja ha svæði.


Hvamból: Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir gisti- og ferðaþjónustusvæði á 3ja ha svæði sem er staðsett við bæjarstæðið, og að uppbygging muni falla að heildarásýnd svæðisins.


Þórisholt: Í greinargerð kemur fram að gisti- og ferðaþjónustusvæði er áætlað við núverandi bæjarstæði og að gert er ráð fyrir að nýta byggingar sem fyrir eru og standa ónýttar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreindar tillögur að breytingu á landnotkun í landi Þórisholts.

Beðist er velvirðingar á að langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur